



Íslandsmót einstaklinga með forgjöf 2013 verður haldið dagana 2. - 5. mars n.k.



Íslandsmót einstaklinga í keilu með forgjöf verður haldið í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð dagana 2. – 5. mars.

Forkeppni helgina 2. – 3. mars kl. 10:00 í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og Egilshöll

Allir keppendur spila 8 leiki í forkeppninni, 4 leiki hvorn dag, annan daginn í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og hinn daginn í Keiluhöllinni Egilshöll. Efstu 12 karlarnir og efstu 12 konurnar halda áfram í milliriðill. Verð í forkeppni kr. 6.500.-

Milliriðill mánudaginn 4. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll

Efstu 12 karlarnir og 12 konurnar spila 4 leiki í milliriðli í Keiluhöllinni í Egilshöll. Efstu 6 karlarnir og efstu 6 konurnar halda áfram í undanúrslit. Verð í milliriðill er kr. 3000.-

Undanúrslit þriðjudaginn 5. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll

Efstu 6 karlarnir og efstu 6 konurnar spila 5 leiki, allir við alla, einfalda umferð í Keiluhöllinni í Egilshöll. Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika síðan til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslit kr. 3.700 kr.-

Úrslit þriðjudaginn 5. mars strax að loknum undanúrslitunum í Keiluhöllinni Egilshöll

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (1/2 stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Olíuburður í mótinu er [38 fet Ráven](#)

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót einstaklinga með forgjöf](#).

Skráning fer aðeins fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 28. febrúar kl. 22:00

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir